

Ed.

23. Frumvarp

til laga um sölu á 7 hndr. að fornu mati í kirkjújörðinni Tungu ásamt skógaritaki.

Flutningsmaður: Magnús Torfason.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til þess að selja Ís afirði 7 hndr að fornu mati í kirkjújörðinni Tungu í Skutilsfirði, ásamt skógaritaki, fyrir 4200 kr.

Greinargerð.

Bæjarstjórn Ísafjarðar hefir óskað kaups á jarðarluta þessum, er liggur næst landi bæjarins, sakir þess, að hann skortir nú tilfinnanlega beitarland. Smáskógur á jörðinni er fremur til þýði en gagns. Jörðin er byggð ungum manni kvonguðum og eru því litlar líkur til, að afgangur jarðarinnar hækki fyrstu áratugina.